



Minnisblað Umhverfis- og mannvirkjaráð

Efni: Hreinsun og lagfæring götukanta

Magn hálkuvarnarefnis sem dreift var á götur bæjarins í vetur er í meira lagi. Afleiðingin er óvanalega drullugir götukantar og eyjar við stofn- og tengibrautir. Búið er að grófhreinsa Glerárgötu, Þingvallastræti og e.t.v. víðar en mikið magn drullu í grasi upp á og við kantstein veldur því að ryk og sandur þyrlast upp þegar ekið er nálægt kantinum. Það berst þaðan inn á götuna þannig að varla sést að búið sé að sópa örfáum dögum eftir hreinsun.

Myndir segja meira en mörg orð.



Glerárgata, 11.4.2018. Margra ára ryk og drulla eru búin að hlaðast upp og ná víða um 15 cm upp fyrir kantsteininn, bæði í köntum og á miðeyju.



Glerárgata, 11.4.2018. Grasrönd milli götu og göngustígs.



Glerárgata, 11.4.2018. Mikið ryk þyrlast upp þó að búið sé að sópa fyrstu umferð. Enn meira á eftir strætó og stórum bílum en hér sést.



Þingvallastræti, 28.3.2018. Drullan hefur hlaðist upp árum saman og nær hátt upp fyrir kantsteininn.



Þingvallastræti, 28.3.2018. Varla sést í grasið á miðeyjuni. Hér er grófhreinsun götu lokið.




Hlíðarbraut við Teigasíðu, 10.4.2018. Hér er ekki búið að sópa fyrstu umferð.



Hlíðarbraut við Teigasíðu, 10.4.2018. Drullan nær a.m.k. 20 cm upp fyrir kantsteininn.



Strandgata á Akureyri – Svifryk undir 10 µm (PM10) – Klukkustundar meðaltöl



Vefur Umhverfisstofnunar, 10.4.2018. Svifryk síðustu 4 sólarhringa.

Nú: Lítið 32.00 $\mu\text{g}/\text{m}^3$		Í gær: Miðlungs 64.04 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	
Lýsing á loftgæðum	Merki	Styrkur PM10 ($\mu\text{g}/\text{m}^3$)	Heilsufarsáhrif tengd loftgæðum
Góð (Good)		< 50	Lítill sem engin heilsufarsáhrif
Miðlungs (Moderate)		50-100	Einstaklingar með astma geta fundið fyrir einkennum
Léleg (Poor)		> 100	Einstaklingar með ofnæmi eða með alvarlega hjarta- eða lungnasjúkdóma ættu að forðast að vera úti þar sem hættu er á mikilli mengun (þ.e. við nálægð við mikla umferðargötu). Þegar styrkurinn er orðinn meira en 150 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ geta þeir einstaklingar sem eiga ekki við vandamál í öndunarferum að stríða fundið fyrir óþægindum.

Vefur Akureyrarbæjar, 11.4.2018. Meðaltals svifryk yfir heilsuverndarmörkum daginn áður.

Flestir (elstu menn) eru sammála um að ástand götukanta sé verra nú en síðustu ár á sama árstíma. Ástæðan er líklega óhagstæðar aðstæður í vetur sem meðal annars hafa orðið til þess að rúmlega fjórðungi meira af hálkuvarnarefni var dreift í bænum en að meðaltali síðustu 5 ár.



	Hálkuvörn	Malarefni [tonn]
Veturinn	2013 - 2014	681
Veturinn	2014 - 2015	987
Veturinn	2015 - 2016	1.027
Veturinn	2016 - 2017	509
Veturinn	2017 - 2018	1.081
Meðaltal:		857

Tillaga að aðgerðum: Farið verði strax (fyrir vorhreinsun gatna) í að moka burt 1,5 m breiðri rönd (tvöföld þökubreidd) frá kantsteini þar sem það dugar og 2,25 m eða 3 m breiðri rönd (þrjár til fjórar þökubreiddir) þar sem ástandið er verra. Nýjar þökur lagðar í sárið eða sáð í það.

Reikna má með að vinna verktaka í tvær vikur (tveir menn, grafa og vörubíll) kosti um 3,5 mkr. Því til viðbótar kostar þökulögn 1.000 - 1.500 kr./m². Gróflega áætlað má ná 2,5 - 3 km af köntum á þessum 2 vikum. Ef reiknað er með að um helmingurinn yrði þökulagður og sáð í hinn helminginn verður heildarkostnaður um 9 mkr. Með þeirri upphæð mætti hreinsa um helming þeirra götukanta sem verstir eru á þessu ári.

Sambærilega upphæð þyrfti aftur á næsta ári (eða síðar) til að klára verkefnið.

Þetta myndi tryggja það að árangur af vorhreinsun gatna yrði varanlegri í ár og næstu ár en ella og þeim peningum sem í hana er veitt því betur varið. Einnig mun þetta minnka svifryksmengun við þessar götur til muna.

Rúmlega helmingur þeirra gatna þar sem ástandið er verst eru í eigu Vegagerðarinnar. Við munum óska eftir því við Vegagerðina að hún greiði fyrir sambærilega hreinsun og lagfæringu kanta við hennar götur og leggja til að það verði gert nú í vor.

Götur	Akureyrarbær [km]	Vegagerðin [km]
Glerárgata		4
Borgarbraut	0,6	1,3
Hlíðarbraut	2	
Þingvallastræti	2	
Alls:	4,6	5,3

Sambærileg aðgerð var gerð á miðeyju Hörgárbrautar norðan Glerár fyrir um áratug. Þá var veghefill notaður til að skafa drulluna ofan af eyjunni og svo sáð í hana grasfræi. Ending þeirrar aðgerðar hefur verið ágæt og er ástandið þar því mun skárri í dag þó að þar sé vissulega líka drulla eftir veturinn. En talsvert minna af henni berst inn á götuna eftir að búið er að sópa og áberandi minni strókar koma á eftir stórum bílum á þeim kafla.



Miðeyja Hörgárbrautar, 11.4.2018. Eyjan er drullug en hreinsun götu skilar áberandi meiri árangri